



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

572. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 22. janúar 2024
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Sex mánaða skýrsla - 2003010

Fyrirliggjandi til kynningar og umræðu er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna dags. desember 2023, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans. Þorsteinn Hermannsson og Þröstur Guðmundsson kynna helstu atriði skýrslunnar, framgang og stöðu einstakra verkefna. Umræður.

Gestir

Þorsteinn Hermannsson forstöðumaður þróunar hjá Betri samgöngum ohf.

Þröstur Guðmundsson forstöðumaður verkefna og áætlana hjá Betri samgöngum ohf.

Niðurstaða:

Sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf. er lögð fram og er skrifstofu SSH falið að senda hana aðildarsveitarfélögunum til kynningar. Jafnframt fari sérstök kynning á efni skýrslunnar fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska.

2. Almenningsamgöngur - Ábati, markaðsgreining og markaðssetning - Sóknaaráætlun 2023 - 2303008

Kynning á stöðu ofangreinds áhersluverkefnis sóknaaráætlunar sem var unnið að á árinu 2023. Markús Vilhjálmsson ásamt Jóhannesi Rúnarssyni kynnir verkefnið. Verkefnið fól m.a. í sér kynningarherferð og mælingar á breytingum á viðhorfi sem rekja má til hennar en markmiðið er að efla jákvæða umræðu og auka notkun. Skýrsla vegna verkefnisins er í vinnslu og væntanleg innan skamms.

Gestir

Markús Vilhjálmsson deildarstjóri sölu- og markaðsdeildar Strætó bs.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins.

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar



3. Kadeco - Hjólastígur milli flugstöðvar KEF og RVK - 2312006

Fyrirliggjandi er erindi frá Kadeco dags. 12. desember 2023 þar sem óskað er frekara samtals og aðkomu SSH og SSS (Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum) að undirbúningi hjólaleiðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins, sbr. og sameiginlega ályktun SSS og SSH dags. 12. maí 2023. Þá er fyrirliggjandi tilkynning um afgreiðslu stjórnar SSS á erindinu, dags. 17. janúar 2024, en hún hefur tilnefnt formann Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja í samstarfsvettvanginn. Lagt fram til umræðu og ákvarðanatöku um næstu skref aðkomu SSH að verkefninu.

Niðurstaða:

Málinu er frestað.

4. Forvarnir - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2112004

Fyrirliggjandi til kynningar er lokaskýrsla verkefnis um jafningjafræðslu um jákvæða netnotkun meðal grunnskólanema sem er eitt af verkefnum sóknaráætlunar og unnin var í samstarfi við Heimili og skóla og SAFT.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

Skýrslunni verði vísað til skólamálanefndar SSH sem taki afstöðu til frekari nýtingar niðurstaðna hennar innan skólastarfs á höfuðborgarsvæðinu.

5. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 420. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 17. janúar 2024 ásamt fylgigögnum.

Samhliða er lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 12. janúar 2024 þar sem fram kemur bókun frá fundi öldungaráðs Reykjavíkurborgar dags. 10. janúar 2024 vegna gjaldtöku af 67 ára og eldri á skíðasvæðunum.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

6. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 17. október 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 10. janúar 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026